




## Tilkynning um fæðingu í geimnum



Barnastjörnur í geimnum geta verið mjög ofsafengnar. Þær kasta frá sér efni á ógnarhraða – stróka sem ferðast á mörg þúsund kílómetra hraða á klukkustund. Þegar strókarnir rekast á gas og geimryk í kringum ungu stjörnuna verða til bjartir klumpar sem kallast Herbig-Haro fyrirbæri og endast í um þúsund ár. Hér sést nærmynd af Herbig-Har fyrirbæri; þú sérð hvar tignarlegir strókarnir stefna yfir himinninn eins og risavaxin flugeldasýning. Stjarnan er svo sannarlega ekki feimin við að senda út tilkynningu um fæðingu sína!

Bleiki og fjólublái strókurinn vinstra megin stefnir að Jörðinni en hinn stefnir frá okkur. Sá sem stefnir burt er nærri ósýnilegur á öllum öðrum myndum af fyrirbærinu, falinn á bak við ský úr geimryki. Á þessari nýju mynd ALMA sjónaukans sést hinn strókurinn loksins, í glæsilegum gulum og grænum smáatriðum. Myndin sýnir líka nokkuð annað: Strókarnir eru enn orkuríkari en stjörnufræðingar bjuggust við. Þeir þjóta um geiminn á meira en milljón kílómetra hraða á klukkustund. Ef þú gætir ferðast svo hratt, kæmist þú til fundisins á innan við 20 mínútum!

## COOL FACT

Strókarnir virðast litlir, eiginlega dvergvaxnir í samanburði við kalda, dökka skýjið í kring. Samt eru þeir þó mörg hundruð sinnum lengri en sólkerfið okkar!

